



## Tæknideild – nám til lokaprófs í tæknifræði, BSc

### Reglur um inntöku nemenda, prófkröfur, endurtekningu prófa og námsframvindu

Reglur þessar byggjast á prófareglum fyrir Tækniháskóla Íslands sem og reglum um Tækniháskóla Íslands. Að öðru leyti en hér kemur fram er vísað til þessara reglna.

#### 1. *Inntaka nemenda*

- 1.1. Bókleg inntökuskilyrði eru stúdentspróf eða sambærilegt próf. Til þess að geta hafið nám við tæknideild þarf haldgóða þekkingu í stærðfræði, raungreinum, íslensku og ensku. Til leiðbeiningar er æskilegt að miða við að nemendur hafi lokið 21 einingum í stærðfræði og 6 einingum í eðlisfræði.
- 1.2. Nemendum er gert að afla sér 6 mánaða fagtengda starfsreynslu áður en þeir ljúka námi við THÍ.
- 1.3. Æskilegt er að nemendur hafi aflað sér 6 mánaða almennrar starfsreynslu áður en nám er hafið.

#### 2. *Mat á fyrri námi*

- 2.1. Nemandi sem óskar eftir því að fá fyrri nám sitt metið sækir um það til sviðsstjóra sem leggur tillögu að mati fyrir deildarráð til staðfestingar.
- 2.2. Námskeið sem tekin hafa verið í öðrum háskólum eru metin til eininga (M) við THÍ ef um er að ræða sambærilega grein frá viðurkenndum háskóla, enda hafi nemandi staðist lágmarkskröfur viðkomandi háskóla.
- 2.3. Mat námskeiða frá öðrum háskólum skal vera í höndum sviðsstjóra sem leggur tillögu að mati fyrir deildarráð til staðfestingar.
- 2.4. Við mat á fyrri námi gildir almennt að námskeið eldri en 10 ára eru ekki metin.

#### 3. *Prófkröfur*

- 3.1. Til að standast námskeið þarf nemandi að fá einkunn 5,5 eða hærri.

#### 4. *Endurtekning prófa*

- 4.1. Nemandi er að hámarki heimilt að þreyta próf í tilteknu námskeiði þrisvar sinnum. Nú stenst nemandi ekki próf er hann þreytir þriðja sinni. Ber honum þá að sækja um endurinnritun í viðkomandi námsbraut. Sé honum veitt heimild til þess heldur hann einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærri.
- 4.2. Hafi nemandi staðist próf getur hann óskað eftir að endurtaka prófið. Í þeim tilvikum gildir einkunn úr seinna prófinu.
- 4.3. Nemendaskrá hefur eftirlit með rétti nemanda til endurtekningu prófa.

## **5. Námsgengi**

- 5.1. Til að mega flytjast milli missera má í mesta lagi vera ólokið 9 einingum af samanlögðu námsefni undanfarandi missera.
- 5.2. Til að geta hafið nám á þriðja ári þarf öllum námskeiðum fyrsta árs að vera lokið.
- 5.3. Nemandi skal ljúka námi sínu innan 5 ára. Að öðrum kosti skal nemandi endurinnritast í viðkomandi námsbraut og tekur ný innritun mið af gildandi námsskrá hverju sinni. Við endurinnritun í námið heldur nemandi einungis þeim námskeiðum sem hann hefur lokið með einkunn 6,0 eða hærrí.
- 5.4. Nemendaskrá hefur eftirlit með námsframvindu nemenda.

## **6. Skiptinemar**

- 6.1. Nemandi sem vill fá heil misseri<sup>1</sup> í skiptinámi metin að fullu þarf að leggja fram áætlun fyrir skiptinámið og fá hana samþykkt af viðkomandi sviðsstjóra áður en skiptinámið er hafið.
- 6.2. Vísað er til greinar 2.2 að ofan varðandi mat á einstökum námskeiðum.

## **7. Tungumálakunnátta**

- 7.1. Nemendur sem ekki hafa íslensku að móðurmáli geta sótt um að skila verkefnum, taka próf o.þ.h. á ensku.

## **8. Almenn:**

- 8.1. Kennari skal í upphafi námskeiðs leggja fram kennsluáætlun þar sem fram koma, auk efnislegrar lýsingar á viðkomandi námskeiði, prófkröfur og mat einstakra hluta til lokaeinkunnar.

### **Gildistaka:**

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Þannig samþykkt á fundi deildarráðs þann 13. október 2003.  
Háskólaráð staðfesti gildistöku þessa reglna þann 9. mars 2004.

---

<sup>1</sup> Hér er átt við þegar nemandi óskar eftir því að fá tiltekin misseri eða ár metin án þess að fullkomið samræmi sé milli einstakra námskeiða.